



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12.nóvember 2012

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun, 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 80 – 80. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga. Markmið tillögunnar er að fram fari heildarendurskoðun á málefnum barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun og að gerð verði markviss aðgerðaáætlun til að bæta aðstöðu þessara barna.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur mjög brýnt að þessi mál verði skoðuð. Nauðsynlegt er að mörkuð sé heildræn stefna og ramminn einfaldaður til þess að ekki komi til togstreitu á milli sveitarfélaga og ríkis um það hver eigi að borga. Einnig er nauðsynlegt að taka á þeim biðlistum sem nú eru staðreynd í þessum málaflokki og fjölga meðferðarúrræðum fyrir þau börn og ungmenni sem á þurfa að halda.

MRSÍ vill koma eftirfarandi á framfæri;

Í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálanum) er í 24. gr. fjallað um rétt barnsins til þess að njóta þess besta heilsufars sem hægt er að tryggja og eiga aðildarríki að sjá til þess að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu. Í 23. gr. er fjallað um réttindi fatlaðs barns og í 3. mgr. ákvæðisins er sérstaklega tekið fram að ríkin eigi að veita því þá aðstoð sem það þarfnast ókeypis þegar unnt er eða samkvæmt efnahag forelda og skal miðað við að tryggt sé að fatlað barn hafi í raun aðgang að og njóti m.a. menntunar, þjálfunar, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingar og að stuðlað sé að sem allra mestri félagslegri aðlögun og þroska barnsins. Í 28. gr. er svo fjallað um réttinn til menntunar og í samræmi við 2. gr. samningsins eiga aðildarríki að sjá til þess að öll börn innan landsvæðis þeirra eigi að njóta allra réttinda samningsins jafnt, og bannað er að mismuna börnum á nokkrum grundvelli. Af ofangreindum ákvæðum og í ljósi ákvæða Barnasáttmálans í heild sinni er ljóst að ríki eiga að styðja jafnt við öll börn innan þess og veita öllum nauðsynlega aðstoð til þess að geta lifað og þroskast.

Er það því álit MRSÍ að það sé skylda íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum sínum að tryggja samræmi í löggjöf og framkvæmd sinni um þessi mál. Í samræmi við skýrslu þá sem lögð var fram á 140. Löggjafarþingi (þskj. 1088) er ljóst að þörf er á gagngerri endurskoðun á þessum málum bæði hjá ríki og sveitarfélögum og því fyrr sem ráðist er í þá endurskoðun því betra.

Einnig er vert að benda á að í athugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna við 3. og 4. skýrslu Íslands til hennar var gerð athugasemd að því er varðar gagnaöflun, samræmingu gagna og notkunar á þeim gögnum sem aflað er. Af lestri ofangreindrar skýrslu mennta- og menningarmálaráðherra er nokkuð áberandi að skráningu gagna um þessi mál er ábótavant og mætti



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

bæta verulega þar úr. Góð skráning gagna og samræmd vinnsla þeirra auðveldar stjórnvöldum að hafa heildarsýn yfir málaflokkinn og samræmingu á meðhöndlun þessara mála.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur